



Lesferill

Nýtt matstæki frá Menntamálastofnun sem metur læsi

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. *Lesferli* er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að *Lesferill* spanni frá þriggja til 16 ára aldurs. Hafist var handa við að vinna þessi próf í október 2015 þegar læsisteymið hóf störf. Ætlunin er að prófin verði öll tilbúin til notkunar haustið 2020. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða.

Um ræðir fjögur próf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimipróf, sem má segja að séu grunnprófin, síðan eru það svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarprófin eru: próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf.

Mælt er með því að prófin séu lögð fyrir á eftirfarandi hátt:

- Lesfimiprófin fyrir alla nemendur reglulega í 1.-10. bekk (í september – janúar – maí).
- Hliðarprófin eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttáð, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.
- Gagnlegt er að
 - leggja nefnuhraðaprófið fyrir alla nemendur í janúar í 1. bekk.
 - leggja próf í sjónrænum orðaforða fyrir alla nemendur í 1.-3. bekk (í september – janúar – maí).
 - leggja orðleysuprófin fyrir alla nemendur a.m.k. einu sinni á ári í 1.-3. bekk.

Unnið er að stafsetningarprófum fyrir 4.-7. bekk.

Þessi próf eru öll stöðupróf þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra á landsvísu er metin.

Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar.

Þau eru aðgengileg til afnota fyrir alla grunnskóla þeim að kostnaðarlausu. Prófin er hægt að nota í heild sinni eða eingöngu hluta þeirra og þá hugsanlega að nota þau ásamt öðrum prófum sem kennarar kjósa að leggja fyrir.

Auk þessara fjögurra prófa verður *Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk*, sem margir kennarar þekkja, hluti af *Lesferli* og verður prófið endurstaðlað. Lesskimunarprófið hefur fengið nafnið *Lesferill – Lesskimun fyrir 1. bekk*.

Aðgengi að prófunum er rafrænt, þau eru vistuð inni í Skólagátt og munu kennarar geta nálgast þau þar til útprentunar.

Þessi próf eru ekki opinber gögn og verða niðurstöður þeirra ekki birtar opinberlega.

Þau eru valfrjáls möguleiki til að efla skólastarf og eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Öll prófin eru stöðluð fyrir **þrjú fyrirlagnartímabil á skólaárinu: september, janúar og maí, að undanskildu prófinu Lesferill – Lesskimun fyrir 1. bekk en það próf er opið til fyrirlagnar í október.** Athugið að ekki er hægt að leggja prófin fyrir utan fyrirlagnartíma. Fjallað er um hvert próf fyrir sig á stuttum vefnámskeiðum sem eru aðgengileg inni í Skólagátt. Þar er einnig hægt að nálgast einfaldan bækling með leiðbeiningum um fyrirlögn prófanna.

Niðurstöður prófanna birtast kennurum í excel-skjali rafrænt strax að fyrirlögn og innslætti loknum.

Leið til læsis eftirfylgniþrófin verða áfram aðgengileg. Ekki verður lagt í kostnað við að lagfæra gagnagrunninn sem þau próf eru vistuð í en eins og margir vita hafa komið fram erfiðleikar við úrvinnslu prófanna vegna veikleika í þeim gagnagrunni.